

Súðavíkurbætur
Grundarstræti 1-3
420 Súðavík

Reykjavík, 21. ágúst 2019
UST201906-266/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Langeyri - Súðavíkurbætur

Vísað er til erindis byggingarfulltrúa Súðavíkurbætur er barst 26. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi hafnarsvæðis innan Langeyri í Súðavíkurbætur.

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið er að stórum hluta á landfyllingu og er 66.590 m² að stærð. Einnig kemur fram að áætluð framkvæmd feli í sér að landfylling með viðlegukanti, hráefnislóni, grófgeymslusvæði, aðkomuvegi verði komið fyrir á skipulagssvæðinu ásamt byggingu kalkþörungaverksmiðju og skrifstofuhúsnæðis, en Íslenska kalkþörungafélagið hyggst byggja kalkþörungaverksmiðjuna.

Áætlað er að kalkþörungaverksmiðjan vinni 120.000 m³ af kalkþörungaseti úr Ísafjarðardjúpi á ári.

Forsendur

Umhverfisstofnun bendir sveitarfélaginu á mikilvægi þess að það komi fram í deiliskipulaginu hversu mikil framleiðsla verður á ári í verksmiðjunni, en með þeim upplýsingum væri hægt að meta umhverfisáhrif framleiðslunnar.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um í forsendukafla tillögunnar um tíðni vindaátta á Súðavík til að meta áhrif foks mengandi efna yfir íbúðarbyggð.

Landfylling

Í greinargerð kemur fram að hámarksstærð landfyllingar er 38.000 m² og efni til landfyllingar sem verður sótt í Súðavíkurlíð alls 230.000 m³.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru á því svæði sem landfyllingin nær til þangfjörur þar sem vistgerðin klóþangsklungur er ríkjandi. Vistgerðin er með mjög hátt verndargildi og mjög mikilvægt fæðusvæði fugla, einkum fyrir æðarfugl, stökkönd og vaðfugla á borð við

sendling, stelk, lóupræl og tildru og er lykilbúsvæði fyrir rauðbrysting. Þekkt útbreiðsla klóþangsklungurs er um 13% (128 km²) af fjörum landsins

Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og rauðbrystingur eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun telur að landfyllingin muni hafa neikvæð áhrif fæðu- og búsvæði á fuglalíf.

Ásýnd og frágangur

Hér er um að ræða verksmiðjubyggingu með allt að 9.000 m² grunnflöt og hámarkshæð allt að 20 m og telur stofnunin verksmiðjuna muni hafa neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar byggingar falli vel að umhverfinu eins og kostur, en í umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landskipulagstefnu segi að mikilvægt er að huga að ásýnd og yfirbragði nýrra mannvirkja í dreifbýli og hvernig þau falla að umhverfi sínu.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgangi leysisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“

Útskolun – ásýnd og eldi

Í greinargerð kemur fram að set getur borist til sjávar frá setþró. Hafa þarf í huga að útskolun frá hráefnislóni sést í sjónum, sem gæti haft neikvæð áhrif á ásýnd gagnvart ferðaþjónustu.

Umhverfisstofnun bendir á að Hraðfrystihúsið Gunnvör er með leyfi fyrir sjókvíeldi í Álftafirði og því þarf að skoða hvort útskolun muni hafa neikvæð áhrif á fiskeldið. Því telur stofnunin mikilvægt að nýta sjávarstaumarannsóknir við tillögugerðina.

Loftgæði og rykmengun

Umhverfisstofnun tekur undir sem kemur fram í greinargerð að loftmengun frá verksmiðjunni muni valda verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum fyrir íbúa Súðavíkur, en kalkryk er mjög ertandi efni og einnig hefur svifryk neikvæð áhrif á undirliggjandi sjúkdóma fullorðna og barna.

Auk þess bendir Umhverfisstofnun á að gert er ráð fyrir frístundabyggð vestan við framkvæmdarsvæðið og mun loft- og hljóðmengun hafa neikvæð áhrif á gesti svæðisins.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að ekki komi fram í greinargerð hver áhrif loftmengunar verði á dýralíf og gróður, en stofnunin telur mikilvægt að það sé metið.

Í greinargerð kemur fram að með notkun á própangasi verður losun á gróðurhúsalofttegundum. Umhverfisstofnun telur umfjöllun og útreikningar varðandi hlutfall losunar gróðurhúsalofttegunda frá verksmiðjunni miðað við heildarlosunar Íslands í málaflokksnum rafmagn og hiti árið 2014 vera óskýra. Umhverfisstofnun bendir á reikningar er varða losun gróðurhúsalofttegunda þarf að endurskoða og setja fram á skýrari hátt.

Umhverfisstofnun telur jákvætt tillagan geri ráð fyrir trjárækt til kolefnisbindingar. Umhverfisstofnun bendir á að hverslags kolefnisbinding sem verksmiðjan hyggist fara í mun ekki teljast til frádráttar á losun gróðurhúsalofttegunda verksmiðjunnar. Því mun skógrækt og landgræðsla að hálfu verksmiðjunnar ekki hafa áhrif á heildarlosun hennar á gróðurhúsalofttegundum.

Hljóðmengun

Í greinargerð kemur fram að sunnan Súðavíkur er frístundabyggðin (F5) sem er í 200 m fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu, en ekki kemur fram í tillögunni hvort starfsemin muni hafa áhrif á frekari uppbyggingu frístundabyggðar á svæðinu m.t.t hljóðmengunnar. Umhverfisstofnun telur að skv. mynd 5.1 í greinargerð geti hljóðmengun haft áhrif á frekri uppbyggingu frístundabyggðar.

Vatnshlot

Umhverfisstofnun bendir á strandsjór við Ísland fellur undir lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Fyrirhugað framkvæmdarsvæði er innan strandsjávarhlots númer: 101-1380-C *Álftafjörður við Djúp*. Vatnshlotið er lítið og skjólsælt. Samkvæmt markmiðum reglugerðar nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi. Vistfræðilegt ástand byggir á líffræðilegum, vatnsformfræðilegum og eðlisefnafræðilegum gæðapáttum. Ef vatnshlot nær ekki umhverfismarkmiðum reglugerðarinnar þarf að fara í aðgerðir til að gott ástand náist.


Efnistaka

Í greinargerð kemur fram að efni við gerð landfyllingar verði sótt í Súðavíkurhlíð, en þar hyggst Vegagerðin gera m.a. snjóflóðaskápa. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillögunni hvor gerð landfyllingar verði unnin samtímis og gerð sjónflóðaskápa eða ætlunin sé að haugsetja efnið.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Sverrir Aðalsteinn Jónsson
sérfræðingur